



Borgarráð

***Skyggnisbraut 21-23, Gæfutfjörn 18, og Silfratjörn 1-3 (reitir C1), lóðarvilyrði.***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita, VR kt. 690269-2019, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, lóðarvilyrði fyrir lóð ásamt byggingarrétti fyrir 36 íbúðir á reit C1 samkvæmt samþykktu deiliskipulagi sem liggur við Skyggnisbraut 21-23, Gæfutfjörn 18 og Silfratjörn 1-3. Byggingarrétturinn heimilar byggingu á samtals 3.225 fermetrum ofanjarðar í tveimur fjölbýlishúsum. Lóðinni ásamt byggingarrétti var úthlutað til Búseta húsnæðissamvinnufélags þann 1. mars 2018 en félagið hefur afþakkað lóðina. Helstu efnisatriði og sammingskjör um lóðina eru eftirfarandi en þau munu verða nánar útfærð í úthlutunarbréfi um lóðina og byggingarréttinn:

Lóðarvilyrði þetta gildir í 6 mánuði frá staðfestingu borgarráðs á lóðarvilyrði þessu. Lóðarvilyrði þetta er bundið því skilyrði að lóðarhafi stofni leigufélag sem er rekið án hagnaðarsjónarmiða með það að markmiði að tryggja húsnæðisöryggi og hagkvæma leigu. Er VR heimilt að framselja nýju húsnæðisfélagið lóðarvilyrði þetta og verður því nýstofnað félag að beiðni VR úthlutað lóðinni og seldur byggingarrétturinn með ákvörðun borgarráðs.

Lóðarhafi skuldbindur sig til þess að selja 5% af heildarfjölda íbúða (kaupréttur), þó ekki færri en 2 íbúðir, til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 á verði sem grundvallast á lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016. Lóðarhafi og Félagsbústaðir hf. munu gera með sér sérstakan samning um kauprétt þennan. Í samkomulaginu verða ákvarðaðar stærðir, staðsetning, skil íbúða og greiðsluflæði á byggingartíma miðað við framvindu uppbyggingarinnar. Félagsbústaðir munu sækja um stofnframlög vegna þessara íbúða til Íbúðalánasjóðs og Reykjavíkurborgar. Ef endanlegur samningur um kaupin liggur ekki fyrir innan tveggja mánaða frá úthlutun lóðarinnar fellur hún niður án sérstakrar ákvörðunar og tilkynningar borgarráðs þar um.

Ákvæði um fyrirkomulag húsa, skipulag, útlit, frágang lóða og umhverfis, uppbyggingarhraða o.fl. verður samkvæmt samþykktum deiliskipulagsáætlunum og væntanlegu úthlutunarbréfi. Sérstakar kvaðir um útleigufyrirkomulag munu verða settar í úthlutunarbréf.

Greiðslur fyrir byggingarrétt á lóðinni er kr. 45.000 á hvern fermetur auk gatnagerðargjalds sem áætlast samtals vera kr. 183.000.000.

Greiðslufyrirkomulag verður eftir reglum Reykjavíkurborgar.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Hjálagt: Umsókn VR um lóð dags. 5. nóvember 2018.



Reykavíkurborg  
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 5. nóvember 2018  
1711161 VR / 2.0/ StS

### **Efni: Umsókn um lóð**

Með bréfi þessu óskar VR kt. 690269-2019 eftir úthlutun á lóð og byggingarétti til handa félaginu. VR hyggst nota lóðina til að byggja leiguíbúðir í nýju leigufélagi sem rekið verður án hagnaðarsjónarmiða. Félagið hefur áætlanir um að byggja um 200 íbúðir fyrir fólk á vinnumarkaði. Félagið hyggst byggja íbúðirnar án stofnstyrkjaframlags samkvæmt lögum 52/2016. Stjórn VR hefur veitt félaginu heimild til stofnunar Húsnæðisfélags VR og mun það félag hafa með á höndum uppbyggingu leiguíbúða VR. Markmið félagsins verður húsnæðisöryggi og hagkvæm leiga.

VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 35.000 félagsmenn. Eigið fé VR um síðustu áramót var 11,9 milljarðar króna, ársreikninga félagsins má nálgast á vefsíðu VR, <https://www.vr.is/um-vr/utgefid-efni/arsskyrslur-vr/>

---

Stefán Sveinbjörnsson  
Framkvæmdastjóri VR